

Þriðjudaginn 1. júní 1993.

Nr. 214/1993. **Sveinn Sigurbjörnsson og  
Tryggvi Stefánsson**  
gegn  
**Eiríki Sigfússyni.**

Kærumál. Dómarar. Hæfi.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. maí 1993, sem barst réttinum 26. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra, er upp var kveðinn 23. apríl 1993. Sóknaraðilar krefjast þess, að Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari, dómari málsins nr. E-11/1992 fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra: Eiríkur Sigfússon gegn Sveini Sigurbjörnssyni o. fl., víki sæti sem dómari í málinu.

Varnaraðili krefst þess, að dómkröfum sóknaraðila verði hafnað og málinu vísað til löglegrar meðferðar í héraði. Þá krefst hann þess, að sóknaraðilar og/eða Tómas Gunnarsson hæstaréttarlögmaður, umboðsmaður þeirra, verði dæmdir til að greiða kærumálskostnað.

Mál nr. E-11/1992 var þingfest á bæjarþingi Akureyrar 13. desember 1990. Á dómþingi Héraðsdóms Norðurlands eystra 23. apríl 1993, þar sem boðað hafði verið til aðalflutnings málsins, krafðist lögmaður sóknaraðila þess, að dómari málsins víki sæti á grundvelli g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Héraðsdómarinn hafnaði þeirri kröfu með úrskurði þeim, sem hér er til meðferðar. Dómarinn úrskurðaði jafnframt, að málinu væri frestað, þar til kærufrestur um synjun dómara að víkja sæti væri liðinn.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

**D ó m s o r ð:**

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðilar, Sveinn Sigurbjörnsson og Tryggvi Stefánsson,

greiði óskipt varnaraðila, Eiríki Sigfússyni, 25.000 krónur í kærumálskostnað.

### Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 23. apríl 1993.

Hér fyrir dóminum hefur Tómas Gunnarsson hrl., lögmaður stefndu, Sveins Sigurbjörnssonar og Tryggva Stefánssonar, krafist þess, að dómari málsins, Ásgeir Pétur Ásgeirsson, víki sæti á grundvelli g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991, þar sem hann hafi verið vilhallur stefnanda, Eiríki Sigfússyni, að því leyti, að hann hafi hindrað, að fram kæmu í málinu upplýsingar um tilurð stefnukröfu málsins, þ. e. a. s. skuldabréf það, er mál þetta er risið af og krafist hefur verið opinberrar rannsóknar á hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, svo og sé málið í rannsókn hjá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands.

Hafi hlutdræg afstaða dómara komið fram í því að fresta ekki málinu þrátt fyrir kröfu þar um svo og vegna þeirrar málsástæðu sinnar, að framsal Sparisjóðs Glæsibæjarhrepps á skuldabréfinu til stefnanda væri falsað og einnig ekki gefist færi að andmæla nýjum upplýsingum lögmanns stefnanda, Gísla Baldurs Garðarssonar hrl., um vexti og útreikning höfuðstóls kröfu. Einnig hafi dómari verið búinn að ákveða skriflegan málflutning, en fallið frá því.

Jón Oddsson hrl. tekur undir vikningarkröfu Tómasar Gunnarssonar hrl., að því er þetta síðast talda varðar, og telur, að málið sé réttarfarslega farið úr böndunum, er það varðar, en tekur fram, að krafa sín beinist ekki að persónu dómarans.

#### *Álit dómsins.*

Það er álit dómarans, að í máli þessu, sem stefnandi rekur skv. XVII. kafla laga nr. 91/1991, hafi dómari ekki sýnt hlutdrægni, enda þótt hann hafi ekki frestað málinu, svo sem krafist var, heldur hafnaði hann frestbeidni upphaflega að svo stöddu, og eftir málreifun lögmannna aðila nú fyrr í dag ákvað hann að verða ekki við frestkröfunni með vísan til 3. mgr. 102. gr., sbr. XVII. kafla laga nr. 91/1991.

Varðandi upplýsingar lögmanns stefnanda um vaxtafót og útreikning höfuðstóls taldi dómari það málflutningsatriði, er afstaða yrði tekin til í dómi.

Um þá fullyrðingu, að dómari hafi verið búinn að ákveða skriflegan málflutning, þá hafnar hann þeirri staðhæfingu, þó að á dómþinginu hafi dómari haft orð á því og um það verið rætt af dómara, að málið yrði skriflega flutt, er hann sá, í hvaða efni fór.

Við meðferð málsins nú í dag hefur dómari haft til hliðsjónar dóm Hæstaréttar í málinu nr. 126/1993: Sveinn Sigurbjörnsson og Tryggvi

Stefánsson gegn Sparisjóði Glæsibæjarhrepps, þar sem Hæstiréttur vísar til reglna XVII. kafla laga nr. 91/1991 um þær varnir, er ekki komust að í því máli.

Sú málsástæða, að framsal Sparisjóðs Glæsibæjarhrepps til stefnanda væri falsað, kom fyrst fram nú í dag og hefur ekki áður verið hreyft.

Lögmaður stefnanda hefur haldið fast við það, að mál þetta verði rekið skv. XVII. kafla laga nr. 91/1991.

Dómari vill geta þess, að hann er ekki á nokkurn hátt tengdur aðilum máls þessa, hvorki vinur né óvinur og þeim á engan hátt háður, hvorki fjárhagslega né siðferðilega.

Að öllu þessu virtu og með vísan til g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991 hafnar dómari þeirri kröfu, að hann víki sæti.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Dómari máls þessa, Ásgeir Pétur Ásgeirsson, víkur ekki sæti.

---